

Umsögn íbúaráðs Breiðholts um tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna Elliðaárdalur - (Arnarnesvegur - Breiðholtsbr.).

Íbúaráðið hefur ekki athugasemdir vegna breytinga á legu samgöngustíga né breytinga á staðsetningu samgöngu brúnna tveggja yfir Dimmu. Um er að ræða eina mestu samgöngutengingabót á stofnstíganeti hjólandi og gangandi milli Kópavogs og Breiðholtsins um alllangt skeið og mikilvægt framfaraskref til að tryggja greiða leið úr eystri byggðum inn á stofnstíganetið. Ofanvatnstjörnin er mikilvæg framkvæmd en markmiðið er að veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn, í stað þess að veita því í hefðbundin fráveitukerfi þannig að tjörnin er í raun að líka eftir aðferð náttúrunnar og náttúrulegri hringrás vatns. Ráðið tekur undir mikilvægi þess að lega (göngu- og hjólastíga) sé aðlöguð og samræmd að fyrirbyggjandi hönnun mislægra gatnamóta Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar sem og deiliskipulags Elliðaárdals þannig að breytingar á deiliskipulagsmörkum Arnarnesvegur innan marka Reykjavíkurborgar verði til samræmis við nýja afmörkun Elliðaárdals.